

Lokaskýrslan

Heiti verkefnis: Jarðarstundir

Styrkþegi/ar: Elena Martínez Pérez

Verkefnisstjóri/Ábyrgðaraðili: Elena Martínez Pérez

Aðrir þátttakendur/samstarfsaðilar: Kennarar og starfsfólk í Krikaskóla

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

- Að skoða áhrif daglegs lífs okkar á umhverfið
- Að nemendur læri grunnfög svo sem íslensku og stærðfræði í gegnum fjölbreyttar kennsluaðferðir og lagt er áherslu á að bregðast við raunverulegum vandamálum.
- Að nemendur skoði betur gildi sín og lífsvenjur, hvernig lítil skref í átt að umhverfisvænum lífsstíl geta haft mikil áhrif.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis

Jarðarstundir er verkefni á vegum Krikaskóla sem hefur verið unnið á skólaárinu sem er að ljúka. Við höfum nýtt okkur dagleg störf og leik til að skapa umræður og vera meðvituð um áhrif okkar á jörðina og höfum fundið saman leiðir til að breyta áhrifum okkar úr neikvæðum í jákvæð.

Allur skólinn, bæði leik- og grunnskóli, hefur tekið þátt í verkefninu. Mest var þó unnið af nemendum í 1. og 2. bekk.

6 ára hóp hafa breytt árlegri dagskrá sinni í “þema” til að innlima verkefnið. (Sjá Töflu 1)

| Mánuður | Umhverfismarkmið | Þema | Námsmarkmið sem unnið var með |
|---------------------|------------------------------------|----------------------|--|
| Ágúst og September | Minnka mengun: ganga í skólann | „Ég og skólinn minn“ | Ritun, flokkun og tölfræði. |
| Október og Nóvember | Matarsóun | „Matur“ | mælingar, útreikningar, tölfræðigreining, næring, ritun og lestur. |
| Desember | Pappírshotkun: minnka og endurnýta | „Sorp“ | Mælingar, útreikningar, lestur, ritun, framsetning, flokkun. |
| Febrúar | Landið og vatnið okkar | „Landið mitt“ | Lestur, ritun, landafræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, mælingar, talnaskilningur (hundruð, tugir og einingar), útreikningur. |
| Apríl | Sjálfbærni: Skólagarðar | „Plöntur“ | Rúðunet, náttúrufræði, mælingar, vikudagar og mánuðir. |

Tafla 1. Jarðarstundir og 1. Bekkur

Með öðrum bekk var verkefninu bætt við eftir áramót, einu sinni í viku. Við unnum “Jarðarstundir” með stærðfræði, lestri og skrift. (sjá Töflu 2)

| Mánuður | Umhverfismarkmið | Námsmarkmið sem unnið var með |
|-------------------|----------------------------|---|
| Janúar og Febrúar | Minnka sóun | Mælingar, útreikningar, samvinna, ritun. |
| Mars og apríl | Plast | Rannsókn: lestur, ritun, framsetning of kynning fyrir hópnum. |
| Apríl og Maí | Sjálfbærni: Skólagarðar | Rúðunet, náttúrufræði, mælingar, vikudagar og mánuðir. |

Taflan 2. Jarðarstundir og 2 . Bekkur

Allt verkefnið var unnið í gegnum verkefnaþátt nám. Þema út frá Jarðarstundum var þá notað sem grundvöllur annarrar fræðigreina og settu þær í samhengi og tengingu við samfélagið og raunveruleikann.

Jarðardagar voru haldnir 19. og 20 . apríl, allir krakkar (og kennarar) í grunnskóla tóku þátt í þessum tveimur þemadögum¹. Nemendahópnum var skipt í 6 árgangablandaða hópa sem unnu verkefni á 6 mismunandi stöðvum yfir þessa tvo daga. Hátíðinni lauk svo með smá veislu til að fagna degi Jarðarinnar (22. apríl). (Sjá Töflu 3).

¹ Þemadagar eru sérkenni Krikaskóla

| Stöð | Umhverfismarkmið | Námsmarkmið sem unnið var með |
|--------------------------|---|--|
| Jarðarorðabók | Loftslagsmál Endurvinnsla, endurnýta Sóun/ notkun Sjálfbærni: plöntur | Ritun, lestur, hlustun. |
| Föstudagar til framtíðar | Loftslagsmál | Ritun, lestur, hlustun, rumfræði |
| Örplast í sjó | Plastnotkun Landið og vatnið okkar | Hlustun, mælingar, þéttleiki |
| Plokk | Landið og vatnið okkar Sorp | Flokkun, náttúrufræði, mælingar |
| Apríl | Sjálfbærni: Skólagarðar | Rúðunet, náttúrufræði, mælingar, vikudagar og mánuðir. |

Tafla 3. Jarðardagar

Jólasmiðju í tengslum við Jarðarstundir var einnig bætt við. Við útbjuggum okkar eigin jólakort úr papparusli frá skólanum og skreyttum taupoka sem hver nemenda í leik- og grunnskóla á núna og nýtist til að ferðast með dót/ föt ... á milli heimilis og skólans.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Þegar verkefnatillagan var skrifuð vissi ég ekki hvar ég myndi kenna eða hvernig vinnuáætlun mín yrði. Fyrsta skrefið var því að laga verkefnið að mínum tíma. Þess vegna

ákváðum við að breyta aðeins kennsluáætlun fyrsta bekkjar í „þema“ til að aðlaga hana að verkefninu.

Það var hörgull á starfsfólki yfir veturinn, sem gerði það að verkum að erfitt var að sinna öllum þeim verkum sem fyrirhuguð voru. Covid-bylgjurnar, sérstaklega sú sem var í byrjun árs 2022, gerði það einnig að verkum að erfitt var að sinna hluta verkefnisins.

Skortur á tíma og starfsfólki hafði ekki bara áhrif á Krikaskóla og því gat ekki orðið af samstarfsáætlun Plastplans og Föstudaga til framtíðar: þessir aðilar höfðu ekki tíma til að taka þátt í verkefninu okkar.

Instagram reikningnum (@jardarstundir) var skyndilega lokað og ómögulegt að fá útskýringar frá Instagram eða aðstoð við að endurheimta hann.

Til að endurheimta þann tíma sem við misstum af, kom stjórnin með þá hugmynd að setja upp „Jarðarstunda“ tíma með öðrum bekk þar sem við gætum notað verkefnið til að vinna aðeins í stærðfræði og rit- og lestrarfærni.

Jafnframt var ákveðið að halda Jarðardaga með því formi sem Krikaskóli er svo vanur „þemadagar“, til þess að vinna upp glataðan tíma.

Mat á verkefninu :

Til að framkvæma matið er hægt að nýta spurningarnar sem settar eru fram í verkefnistillögunni um *hvaða nýju þekkingu mun verkefnið skila inn í skóla- og frístundastarf*. Allt mat hefur farið fram með athugun og eigindlegu símati á skólaárinu.

| Spurningar | Huglæg færni áunnin | Verklagsfærni áunnin | Viðhorf færni áunnin |
|---|--|--|--|
| Hvernig börn geta haft áhrif á umhverfi sitt og breytt því með því að skoða gildi sín og fá tækifæri til að bregðast við? | Nemendur lærðu mörg ný hugtök (t.d. matarsóun, loftslagsmál, sóun, endurvinnsla, endurnýta, örplast, plast...) sem þau tömdu sér að nota í ræðu og riti yfir skólaárið | Það var markverður munur á mat sem nemendur hentu daglega af disknum sínum. Flestir nemendur hafa núna vanið sig á að setja ekki of mikið á diskinn. Bæði nemendur fyrsta og annars bekkjar hafa | Nemendur í fyrsta og öðrum bekk hafa orðið meðvitaðri um áhrif þeirra á Jörðina. Það kemur oft upp í samræðum þeirra á milli. Foreldrar hafa jafnframt látið okkur vita að þau koma heim með það sem |

| | | | |
|---|---|---|--|
| | | lært að flokka rusl sem fellur til í skólanum. Sumir nemendur (um 10%) hafa tamið sér að tína upp rusl sem það finnur úti við. | þau hafa lært. |
| Hvernig menntun sem oft er merkt eldri skólastigum nýtist á yngsta stigi. | Nemendur voru kynntir fyrir hugtökum sem þau munu læra og nota seinna á þeirra skólagöngu. Þetta á sérstaklega við um stærðfræði þar sem þau hafa kynnst (en ekki alveg náð að beita) hugtökum svo sem þúsund, tölfræði, og mælieiningar. | Nemendur hafa lært að þekkja, og í sumum tilfellum, rita stærri tölur, þ.e.a.s. hundruði og þúsundir. | Nemendur í fyrsta bekk (um 10 af 20) hafa þegið þann valmöguleika að kynnast nýju og meira krefjandi námsefni og hafa nálgast það af forvitni. |
| Hvernig hægt er að samtvinna stærri verkefni inn í grunnþekkingu eins og lestur og stærðfræði með fjölbreyttum kennsluaðferðum. | Nemendur hafa öðlast færni í að skilja hugtakið sem eina heild sem samanstendur af mörgum smærri einingum; t.d. Þegar lært er um landið okkar hafa nemendur lært um það út frá náttúru landsins, landa- og landfræði, og samfélagi. | Nemendur hafa æft sig í að greina viðfangsefni með mismunandi rannsóknarverkfærum: t.d. Þegar lært er um landið okkar hafa nemendur beitt stærðfræði, lesið sér til, og tekið viðtöl. | Að kynna grunnþekkingu sem hluta af stóru viðfangsefni hefur gert námsferlið að raunveruleika og í mörgum tilfellum áhugaverðara. |

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks: 530.000 ISK

| | |
|----------------------------|---------|
| Laun | 185.831 |
| Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla | 14.637 |
| Gögn | 329.532 |
| | |

Stofnaður var sérstakur bankareikningur fyrir verkefnið. Þar má sjá allar greiðslur (sem voru ekki alltaf beint út af reikningnum þar sem að ekki var til debetkort fyrir reikninginn). (Viðauki 1)

Mikið af efni sem var safnað fyrirfram (af ábyrgðaraðila), endurnýtt, fengið gefins eða keypt án reiknings.

Afrakstur og ávinningur fyrir skólastarf

Jarðarstundir hafa gefið skólanum ný viðfangsefni með námsgögnum sem eru tilbúin til notkunar í framtíðinni.

Að sama skapi hefur verkefnið fært skólanum námsefni sem nýtist frekar í skólanum.

Í gegnum verkefnið hefur skólinnauðnast 2 gróðurkassana til að rækta plöntur og leyfa nemendum að upplifa og fylgjast með ferlinu.

Frá viðhorfssjónarmiði hafa Jarðarstundir sáð fræi í huga margra nemenda, sem og líka fullorðinna. Í gegnum verkefnið hafa nemendur orðið meðvitaðir um vald sitt til að hafa áhrif (jákvæð eða neikvæð) á sitt nálæga umhverfi: skólann og með því yfir allan hnöttinn okkar.

Skólaárið 2021-2022 hafði í för með sér margar áskoranir fyrir skólakerfið í heild, þar á meðal auðvitað Krikaskóla, og 1. og 2. bekk skólans, sérstaklega, þar sem mönnun og veikindi settu starfinu skorður. Gegnum allar þessar áskoranir þurfti verkefnið að halda dampi og þurfti að sinna því sérstaklega svo það félli ekki á milli stafs og bryggju. Þetta hefur verið erfitt á mörgum augnablikum. Kannski, eftir á að hyggja, var þetta ekki besta árið til að framkvæma þetta verkefni, en við ræddum vandamálin og fundum lausnir.

Jarðarstundir hafa einnig verið hvatning fyrir samstarfsfólk innan skólans til að sækja um styrki fyrir næsta ár.

Hvernig verður kynningu á verkefninu háttað :

Sett var upp sýning í Kjarna 16. Júní þar sem gat að líta ýmsan afrakstur vetrarins og svipmyndir frá verkefnavinnunni, og var hún uppi í rúmlega viku. Sjá meðfylgjandi mynd hér að neðan.

